

**Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps  
að Húnavöllum 15. september 2008**

Fundur settur af formanni. Mæting skv. undirskriftum.

Á dagskrá er skýrsla skólastjóra og önnur mál.

Porkell sagði frá skólabyrjun. Guðrún Bjarnadóttir, Hjördís Jónsdóttir, Helga Búadóttir og fleiri leystu af þegar fyrsta námslota stóð yfir hjá kennaranemum. Í síðustu viku var verið á námskeiði vegna Mentor kerfisins. Það mun væntanlega ekki fara af stað fyrr en í fyrsta lagi um áramót. Samræmd lokapróf í 10. bekk hafa verið felld niður en samræmd könnunarpróf verða lögð fyrir 10. bekk næsta vor í ensku, íslensku og stærðfræði. Eftir það munu þau verða lögð fyrir meðfram könnunarprófum í 4. og 7. bekk að hausti. Verið er að ganga frá leiktæki sem ákveðið var að kaupa í vor. Þökin á Kjarnanum og íþróttahúsinu voru löguð í sumar. Um miðjan október fara Magdalena og Theresé í vettvangsnám í u.þ.b. hálfan mánuð. Fyrirhugað er að fara með 8. og 9. bekk í Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal í haust. Vikuprógram. Porkell dreifði Húninum til fundarmanna.

Önnur mál. Rætt var um forvarnarverkefnið "Hugsað um barn" sem Ægir kynnti á fræðslunefndarfundum sínum. Vor. Samþykkt var að skoða það. Ægir tekur það að sér. Umræða hefur verið um að það sé óheppilegt að sumir bekkir eru í tveimur íþróttadeila sundtímum sama dag.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir  
Eline Schrijver  
Kristín Rós Sigurðardóttir  
Magdalena M. Einarsdóttir  
Porkell Ingimarsson  
Sigurður Árnason  
Pétur Pétursson  
Ægir Sigurgeirsson